
Drög
Reglugerð
um (7.) breytingu á reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. reglugerðarinnar:

a. 2. mgr. verður svohljóðandi:

Rými sem ætlað er farþegum í almenningssamgöngutækjum skal vera vel við haldið og því haldið hreinu. Farþega má eigi flytja svo marga eða á þann hátt að valdi þeim eða öðrum hættu. Notkun almenningssamgöngutækja skal þannig hagað að frá þeim stafi ekki hávaði eða loftmengun að óþörfu. Dýr má ekki flytja í almennum farþegarýmum samgöngutækja, sbr. þó 3. mgr. Þetta gildir þó ekki um hjálparhunda, sbr. 19. gr.

b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem verður 3. mgr., sem orðast svo:

Hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd getur heimilað að gæludýr séu leyfð í almenningsvögnum í þéttbýli að uppfylltum tilteknum skilyrðum, m.a. á hvaða tíma dags heimilt sé að ferðast með gæludýr í vögnunum, hvar gæludýr mega vera í vögnunum og hvernig umbúnaður dýra skuli háttað. Heimildin er bundin við hunda og ketti sem skráðir eru í samræmi við samþykktir um hunda- og kattahald í hlutaðeigandi sveitarfélögum og nagdýr, fugla, kanínur, froska, skautfiska, skriðdýr og skordýr, enda sé heimilt að halda umrædd dýr á Íslandi. Séu gæludýr heimilulög skal hengja upp upplýsingar þess efnis á áberandi stað á vagninum sjálfum, innan sem utan, og auglýsa rækilega þær reglur og skilyrði sem farþegar og gæludýr þurfa að uppfylla. Farþegi sem ferðast með gæludýr skal hafa náð 18 ára aldri og ber hann ábyrgð á dýrinu. Ábyrgðarmanni gæludýrs ber að tryggja að öryggi annarra farþega og dýranna sjálfra sé tryggt, m.a. með því að hafa gæludýr í lokuðu búi, tryggjum taumi, beisli eða í munnkórflu. Fullnægjandi þrif skulu fara fram á almenningsvögnum sem heimila gæludýr í lok hvers dags. Að öðru leyti gilda ákvæði samþykta einstakra sveitarfélaga.

c. 3. mgr. verður 4. mgr.

2. gr.

Á eftir orðinu „Almenningssamgöngutæki“ í fylgiskjali 3 með reglugerðinni kemur: að undanskildum almenningsvögnum í þeim sveitarfélögum sem heilbrigðisnefnd hefur veitt leyfi fyrir gæludýrum, sbr. 3. mgr. 55. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 43. gr. laganna.
Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. september 2019
Tilvísun: 2019090068

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um breytingu á reglugerð nr. 941/2002 - gæludýr í almenningsvögnum í þéttbýli.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið til umsagnar mál nr. 211/2019, drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Í samráðsgátt kemur fram að breytingin kveði á um: "að heilbrigðisnefnd getur heimilað að gæludýr séu leyfð í almenningsvögnum í þéttbýli að uppfylltum tilteknum skilyrðum, m.a. á hvaða tíma dags heimilt sé að ferðast með gæludýr í vögnunum, hvar gæludýr mega vera í vögnunum og hvernig umbúnaði dýra skuli háttað." Eins og fram kemur drögunum gildir þetta aðeins um almenningsvagna í þéttbýli en ekki um aðrar almenningsamgöngur. Einnig kemur fram að hver heilbrigðisnefnd eigi að setja skilyrði um framkvæmd, þ.e. á hvaða tíma dags sé heimilt að flytja gæludýr, hvar í vagni o.fl.

Í dag er í gildi undanþága frá reglugerð um hollustuhætti um gæludýr í almennum farþegarýmum til 31. desember 2019. Í skilyrðum sem undanþágan er bundin kemur m.a. fram að hver farþegi sem ber ábyrgð á gæludýri megi einungis bera ábyrgð á einu buri, einni tösku eða einum hundi í taumi í einu. HER telur nauðsynlegt að taka þetta skilyrði upp í reglugerðinni til að samræma þann fjölda dýra sem hver og einni má hafa meðferðis á landsvísu. Einnig telur HER að setja eigi skilyrði um að farþegi skuli tilkynna vagnstjóra um að tiltekið gæludýr sé með í för.

HER telur mjög mikilvægt að framkvæmd þessarar breytingar á reglugerð nr. 941/2002 sé með sem líkustum hætti á öllu landinu, annað gæti valdið óvissu á meðal almennra farþega og gæludýraeigenda ef mismunandi reglur gilda.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Rósa Magnúsdóttir
deildarstjóri Umhverfiseftirlits